



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Föruneytið



Frístundamiðstöðin Tjörnin
Skólaárið 2019-2020



Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	2
	ALMENN MARKMIÐ GÖTUSTARFS	2
	SÉRTÆK LANGTÍMAMARKMIÐ GÖTUSTARFS.....	2
2.	<i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	4
3.	<i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	6
4.	<i>Mat á verkefninu</i>	7
5.	<i>Greinargerð um notkun styrkjjár</i>	7
6.	<i>Kynning</i>	7

1. Inngangur

Sagt frá markmiðum verkefnisins (m.a. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu Reykjavíkur) og aðdraganda þess.

Aðdragandi

Haustið 2018 stóðu starfsmenn í uppeldisstarfi frammi fyrir mikilli áskorun eftir menningarnótt þar sem mikil unglíngadrykkja var. Það var áfall að sjá hversu mikið unglíngadrykkja hafði aukist og því þótti full ástæða til að taka höndum saman og skoða hver ástæðan fyrir aukinni drykkju og áhættuhegðun var.

Starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar sendu ráðamönnum erindi þar sem þeir buðust til að halda utan um það að kalla saman ólíka fagaðila til að bregðast við.

Eitt af viðbrögðunum var að sækja um styrk fyrir Föruneytinu til að fá starfsmann í hlutastarf til að hald utan um þá vinnu sem ráðlagt þótti að fara í og fékk verkefnið styrk upp á 2.000.000 úr B- hluta þróunarsjóðs fyrir starfsárið 2019.

Markmið

Markmið starfsins er að vinna samkvæmt 92. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002, og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk götustarfs er að stemma stigu við að börn og unglíngar séu eftirlitslaus úti eftir lögboðinn útivistartíma og að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna þeirra.

ALMENN MARKMIÐ GÖTUSTARFS

- ✓ **Eftirlit og stuðningur** – Sýnilegir starfsmenn og til staðar .
- ✓ **Upplýsingaöflun** - Kortleggja hvar og hvað unglíngar viðhafast.
- ✓ **Þjálfun starfsmanna** - Starfsmenn öðlist færni sem nýtist t.d. í sértæku hópastarfi félagsmiðstöðva.
- ✓ **Virkja unglínga til þátttöku**- að koma þeim í uppbyggilega félagslega virkni.
- ✓ **Stöðva áhættuhegðun** - kenna unglíngum að hafa stjórn á tilfinningum sínum og taka þátt í samfélaginu.

SÉRTÆK LANGTÍMAMARKMIÐ GÖTUSTARFS

- ✓ **Eftirlit og stuðningur**
 - Unglíngar sem ekki finna sig innan kerfis borgarinnar njóti stuðnings og eftirlits á götum Reykjavíkur.
- ✓ **Upplýsingaöflun**
 - Reykjavíkurborg búi yfir umfangsmiklum gagnagrunni með upplýsingum um hvar unglíngar viðhafast og við hvaða iðju.
- ✓ **Þjálfun starfsmanna**
 - Starfsmenn geti náð til og leiðbeint hverjum unglíngi sem stundar áhættuhegðun í verndandi farveg s.s. hjá félagsmiðstöðvum, þjónustumiðstöðvum og/eða öðrum viðeigandi aðilum.

Þættir menntastefnu

Félagsfærni

Unglingar sem eru hættir að mæta í skólann skortir oft mikið upp á að geta átt við árangursríkum samskiptum við aðra og eru oft farin að eiga í neikvæðum samskiptum, hafa slæm áhrif út í hópinn og jafnvel hræða önnur börn.

Það þarf að þjálf þau í að öðlast færni til að sýna góðvild og virðingu með því að sýna þeim hlýju og mildi.

Koma þarf unglingunum í jákvæða virkni og aðstoða þau við að koma skoðunum sínum á framfæri.

Heilbrigði

Um er að ræða hóp unglunga sem að er farinn að lifa óheilbrigðgu lífi. Þau eru farin að fíka við vímuefni, wape og reykingar. Þau sýna áhættusama hegðun bæði andlega og líkamlega. Vinna þarf með að kenna þeim að bera virðingu fyrir sér og öðrum og kenna þeim að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Þau koma mjög oft frá brotnum heimilisaðstæðum þar sem ekki ver hugað að svefni og matarvenjum. Mikilvægt að vinna með þann þátt.

Sjálfsþing

Mikill skortur á trú á eigin getur ýtir unglingum út í að brynja sig með því að láta eins og þeim sé sama um allt. Þau eru oft á tíðum farin að standa sig ill í skóla, missa mikið úr kennslu og fara þá í að haga sér illa til að taka fókusinn af skorti á getu í kennslustundum. Það þarf að aðstoða þau við að finna sýna styrkleika, efla hjá þeim þrautseigju og fyrst og fremst sýna þeim hlýju og láta þau vita að þau hafi hæfileika.

Inni í félagsmiðstöðvunum þarf svo að koma þeim í virkni þar sem þau geta nýtt styrkleika sína og fengið trú á sér.

Fagmennska og samstarf

Samræma aðgerðir milli félagsmiðstöðva varðandi götustarf og hvernig unnið er með að koma unglingum í virkni í starfinu.

Auka fagmennsku starfsmannafélagsmiðstöðva.

Leiða saman þá aðila sem að vinna að velferð barna og samræma verklag.

Styðja foreldra þeirra barna sem við höfum afskipti af og vísa þeim í aðstoð inni í þjónustumiðstöðvum.

Vinna eftir mannréttindastefnu Reykjavíkur.

Hafa sýnlega götuvinnu á vettvangi sem að unglingarnir treysta og geta leitað til.

Markmið var einnig að samræma aðgerðir félagsmiðstöðva varðandi götuvinnu og aðgerðir þegar börn undir lögdri eru úti eftir að útivistartíma lýkur, eru farin að sýna áhættuhegðun og við sáum að ástandið er ekki gott.

Að útbúa fræðslu fyrir starfsmenn félagsmiðstöðva.

Að hafa utanumhald og samstarf á einum stað.

Helsti ávinningur verkefnisins er að samræma verklag, auka fagmennsku og fyrst og síðast reyna allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að unglingar leiðist út af beinu brautinni með því að koma þeim í virkni.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?

- Aukinn neysla unglinga
- Alvarlegur hegðunarvandi
- Lítil félagsleg virkni
- Léleg samskiptafærni
- Skortur fyrirmyndum í fullorðnum
- Ofbeldi
- Kæruleysi í kynhegðun
- Aukinn hópamyndun unglinga
- Skortur á þekkingu á heilbrigðum lífsstíl
- Skortur á félagslegu taumhaldi forráðamanna
- Lélegar heimilisaðstæður og uppeldisskilyrði
- Vanlíðan

Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Haustið 2018 urðu starfsmenn Reykjavíkurborgar sem vinna með unglinga varir við þætti í umhverfi barna sem þeim leist ekki nógu vel á. Starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar sendu ráðamönnum erindi þar sem þeir buðust til að halda utan um það að kalla saman ólíka fagaðila til að bregðast við.

Samkvæmt niðurstöðum Rannsókna og greininga var hægt að sjá að slaki væri kominn í félagslegt taumhald utan um unglinga. Það var því ákveðið að bregðast við í víðtæku samráði við samfélagið.

Verkefnið Föruneytið var sett af stað sem þverfaglegt samstarf milli þeirra starfsmanna borgarinnar er vinna með unglingum, lögregluna, unglingana sjálfa og við forráðamenn. Verkefnið var fjölþætt að því leiti að margir komu að því, allir með sama markmið en nálgun hvers og eins á ólíkna máta.

Eitt af viðbrögðunum var að sækja um styrk fyrir Föruneytinu til að fá starfsmann í hlutastarf til að hald utan um þá vinnu sem ráðlagt þótti að fara í og fékk verkefnið styrk upp á 2.000.000 úr B- hluta þróunarsjóðs fyrir starfsárið 2019.

Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Ábyrgðarmaður á styrknum og verkefninu er Guðrún Kaldal. Andrea Marel, deildarstjóri unglingastarfs í Tjörnninni bar ábyrgð á framkvæmdinni.

Starfsmaður, Eva Halldóra Guðmundsdóttir var ráðinn í 25% stöðugildi í 12 mánuði og hans hlutverk var að fylgja áætlun sem búin var til varðandi Föruneytið þegar sótt var um styrk.

Starfsmaður hóf störf í september 2019 og mun ljúka störfum í júní 2020.

Umfangið hefur nokkuð verið í takt við það sem áætlun sagði til um en það sem að koma fljótt í ljós var að við vildum bæta við að ná til foreldrasamfélagsins og virkja þau til þátttöku og ábyrðgar. Þar af leiðandi bættist sá þáttur við en með fundaherferð og áherslum á ábyrðg forelda hefur náðst betri árangur. Útgáfa handbókar fyrir foreldrarölt bættist einnig við.

Áherslan fór því meira á að byrja á því að ná til stærri hóps fremur að en vinna með færri einstaklinga. Að búa til grunnöggn fyrir fjöldann. Þess vegna er sótt um áframhaldnandi styrk þannig að hægt sé að fara dýpra í verkefnið.

Þessu hefur verið komið í farveg:

Upplýsingafundir

Upplýsingastreymi til foreldra og unglunga varðandi útivistartíma, svefn, fyrirmyndir, heilbrigðan lífsstíl voru meðal þess sem aukið var. Frístundamiðstöðin Tjörnin, allir grunnskólar í borgarhlutanum og þjónustumiðstöð stóðu fyrir foreldrafundum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum þar sem markvisst var farið í gegnum þá þætti sem eru verndandi í uppeldisumhverfi barna. Mikið og góð þátttaka var á fundunum. Haldnir voru fundir bæði fyrir foreldra elsta stig og miðstigs.

Hvatning til foreldra að standa saman

Foreldrar í bekkjum voru hvattir til að vera með sameiginlegar síður á facebook þar sem foreldrar geta tengst og skipst á upplýsingum og hvatt var til þess að innleiða bekkjarsamninga um útivistartíma og annað sem átti við. Komið var á fót foreldrarölti í grunnskólum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Félagsmiðstöðvar aðstoða foreldra við að skipuleggja röltið og keypt voru inn merkt vesti.

Handbók um foreldrarölt

Gefin var út handbók um foreldrarölt sem að foreldrar í allri Reykjavík geta stuðst við og notað. https://reykjavik.is/sites/default/files/handbok_foreldrarolts_0.pdf
Höfundar handbókarinnar eru Eva Halldóra Guðmundsdóttir og Andrea Marel.

Fræðsla fyrir starfsmenn sem fara í leitarstarf

Útbúinn var fræðsla fyrir starfsmenn félagsmiðstöðva sem að taka þátt í leitarstarfi með lögreglu og starfsmönnum þjónustumiðstöðva. Fræðslan er þannig hugsuð að hægt sé að keyra hana hvar sem er og það þurfi ekki sérfræðing í að kynna hana heldur geti starfsmenn farið í gegnum hana sjálfir.

Starfsmannahandbók um leitarrölt

Útbúin hefur verið starfsmannahandbók fyrir starfsmenn sem þeir geta haft með sér þegar þeir fara á vettvang. Þar koma fram allar helstu mikilvægu upplýsingar. Bókin er í lokayfirllestri og verður gefin út í mars.

Yfirlit yfir viðburði borgarinnar

Viðburðardagatal útbúið með upplýsingar um stóra viðburði, samræmdar upplýsingar og helstu gögn sem þarf að nota eins og leitarskýrslan, ofl. og setja saman fastan grunnhóp úr félagsmiðstöðvum.

Leitarstarf á stórum viðburðum

Fenginn var Erasmus+ styrkur til að fara í heimsókn til Gautaborgar og kynna sér vettvangsvinnu (e.field-work) í hverfinu Angered. Þangað út fór þverfaglegt teymi 10 starfsmanna frá flestum sviðum borgarinnar ásamt tveimur frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið var að kynna sér allt frá því hvernig heimildir eru veittar fyrir notkun á borgarlandi yfir í að sjá hvernig starfsmenn vinna á vettvangi. Margt áhugavert sem starfsmenn lærðu fyrir utan mikilvægi þess að tengjast sterkari böndum við að vinna saman að velferð barna og unglunga.

Það er okkar mat að sú fræðsla og að taka sterkt utan um leitarstarfið hafi skilað sér til þeirra starfsmanna sem að komu að leitarstarfi í Reykjavík á stórum viðburðum. Ekki hafa verið margir stórir viðburðir frá því að við fengum styrkinn en þegar tónleikar Ed Sheeran voru í Laugardalnum þá voru allir sammála um að verkferlar voru skýrir og starfsmenn vissu til hvers var ætlast af þeim.

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Við skipulögðum einnig leitarstarf í tengslum við Nova- skautasvellið í Miðborginni í desember og vorum með starfsmenn á ferli og þegar tónlistarhátíðirnar Sónar og Airways voru í gangi.

Sú vinna sem sett var í ganga haustið 2018 eftir Menningarnótt skilaði líka mun skýrara skipulagi og samvinnu fyrir Menningarnótt 2019.

Leitarstarf í hverfum

Starfsmaður Föruneytis og deilarstjóri unglíngastarfs Tjarnarinnar hafa sent margs konar upplýsingar til félagsmiðstöðva og hvatt til þess að farið sé í leitarstarf þegar upp hafa komið aðstæður í samfélagsinu sem að hafa kallað á sýnileika starfsmanna og til að auka öryggi unglínga á ferðinni.

Ekki fékkst nægt fjármagn til að ráða inn hóp starfsmanna sem að er nokkurs konar félagsmiðstöð á ferðinni sem að einbeittir sér að þeim unglíngum sem ekki taka þátt í almennum félagsmiðstöðvarstarfi en sótt verður um framhaldsstyrk til þess að halda áfram að þróa það starf.

Tjörnin er með reynslu í því að reka félagsmiðstöð á ferðinni en þannig hefur sumarstarfið síðust ár verið. Þá eru starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar á ferðinni þar sem unglíngarnir eru og eru þeir með sértaka áherslu á að ná til þeirra sem að eru ekki félagslega sterkir.

Fundir með skipuleggjendum viðburða í Reykjavík

Hópurinn stóð fyrir því að kalla til nokkurra funda með Umhverfis- og skipulagssviði til að skoða hvaða reglur gilda þegar veitt er heimild til þess að hafa viðburði á borgarlandi. Hvaða öryggisreglum þarf að fylgja og hvaða áhættumat á sér stað. Er verið að hugsa sérstaklega um öryggi barna. Fundirnir leiddu til þess að málin voru rýnd enn betur og samstarf varðandi Menningarnótt 2019 varð betra og gott samtal milli aðila átti sér stað.

Kynningar – og samráðsfundur með öllum hverfum í Reykjavík

Fyrirhugaður er fundur með fulltrúum frá öllum frístundamiðstöðvum, þjónustumiðstöðvum, barnavernd, Heimili og skóla, lögreglu, fulltrúum frá VEL og SFS, ÍTR, MOF og USK þar sem farið verður í nokkurs konar greiningu á því sem verið er að vinna í hverfum borgarinnar í samstarfi varðandi að styrkja og efla verndandi þætti í uppeldisumhverfi barna í Reykjavík. Það er von okkar að það sem unnið hefur verið í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum geti nýst öðrum hverfum. Nú þegar hefur foreldrahandbókin verið gefin út og er öllum aðgengileg á netinu. Það sama mun gerast þegar starfsmannahandbókin verður gefin út og fræðslupakkinn.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?

Reynslan af verkefninu er mjög góð og það kom í ljós að það var mikil þörf á að hafa vitundarvakningu eins og þessi sem við fórum í.

Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?

Það er von okkar að verkefni eins og Föruneytið geti virkað sem hvetjandi og jákvætt verkefni fyrir önnur hverfi í Reykjavík. Í verkefninu er um að ræða víðtækt samstarf milli flestra sem að uppeldisumhverfi barna koma. Reynt hefur verið að ná til sem flestra og höfða á jákvæðan hátt til unglínga, uppalenda og fagmanna.

Handbók um foreldrarölt er öllum opin og hefur verið kynnt fyrir frístundamiðstöðum og foreldrafélögum.

Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?

Forvarnargildi verkefnisins er mikið, að ná til þeirra sem að vinna með börnum, samræma aðgerðir, vekja samfélagsið til umhugsunar um ábyrgð. Ávinningur er einnig að nú hefur átt sér stað vitundarvakning hjá foreldrum þar sem foreldrarölt er nú komið af stað í félagsmiðstöðvum og foreldrar eru sýnilegri í hverfunum. Einnig er útírlt félagsmiðstöðva komið í mun skýrari farveg.

Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknum?

Verkefnið tengist mælingum hjá Rannsóknum og greiningu sem að sjá um að kanna hagi og líðan unglinga í Reykjavík. Þar mátti greina slaka í félagslegu taumhaldi og aukna neyslu. Við munum skoða niðurstöður fyrir 2020 í samstarfi við þau og athuga hvort að átakið hafi skilað sér.

4. Mat á verkefninu

Hvernig var mati á verkefninu háttað? Var það formlegt (rannsóknir, gátlistar menntastefnu eða annað) eða óformlegt (ígrundun, samræður, huglægir þættir)?

Starfsmenn félagsmiðstöðva hafa komið saman til fundar þegar verið var að vinna fræðslufni fyrir leitarstarf. Þar fór fram ígrundun og mat á þörf fyrir að vera með samræmt verklag. Þar áttu sé einnig stað samræðu milli starfsmanna.

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva hafa fengið kynningu á verkefninu þar sem það er hugsað sem miðlægt verkefni fyrir alla Reykjavík, það sama á við um deildarstjóra unglingastarfs.

Matið á verkefninu er að koma í farveg þeim þáttum sem settir voru til grundvallar.

Voru markmið verkefnisins uppfyllt?

Já að mestum hluta voru markmiðin uppfyllt en að hluta til bættust nú markmið inn og öðrum var frestað og er því sótt um framhald á starfinu.

Tjörnin var einnig með annað þróunarstyrksverkefni sem kallaðist „Treystum böndin“ sem snéri að því að efla foreldra í sínu hlutverki sem uppaldur og kynna fyrir þeim verndandi þætti út frá íslenska módelinu.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)

25 % stöðugildi í 12 mánuði 2.053.000 þar af launatengd gjöld 450.000

6. Kynning

Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum?

Verkefnið verður kynnt á Höfuð í bleyti haustið 2020.

Verkefnið hefur nú þegar verið kynnt á menntvísindasviði.

Handbók um foreldrarölt er aðgengileg á heimasíðu Tjarnarinnar og verið kynnt víða og opin öllum að nota.

Fræðslupakki hefur verið kynntur fyrir starfsmönnum.

Verkefnið er hluti af því að fá nema til starfa í gegnum vinnumálaátak og þá er mikilvægt að hafa tilbúinn góðan fræðslupakka og handbækur fyrir nýja starfsmenn.

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum?

Handbók foreldrarölsins, handbók leitarstarfs fyrir starfsfólk og fræðslupakki fyrir frístundamiðstöðvar.

Einnig var til afurð inn í sumar þá Föruneytið, félagsmiðstöð á ferðinni verður starfandi í sumar.

Kynning á handbók foreldraröls á starfsdögum í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar.

Handbók foreldraröls gefin út á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Handbók foreldraröls kynnt í útvarpsviðtali í Mannlega þættinum.

Handbók foreldraröls send til foreldra í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar í gegnum mentor.

Prufukeyrsla á starfsmannafræðslu fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva Tjarnarinnar.

Starfsmannafræðsla send á allar frístundamiðstöðvar Tjarnarinnar til prufukeyrslu.

Reykjavík, 2.júní 2020

Guðrún Kaldal

ATH. Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is